

Reykjavík, 25.4.2005

Til allsherjarnefndar Alþingis.

Efni: Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga leggur til í eftirfarandi umsögn, að Alþingi fresti því að breyta skaðabótalögum með þeim hætti sem fyrir þinginu liggur en endurskoði löggin þess í stað í heild.

Inngangur

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993, með síðari breytingum. Breytingarnar eru tvíþættar. Annars vegar er um að ræða breytingu á 4. mgr. 5. gr. er fjallar um greiðslur er dragast skuli frá skaðabótakröfu. Breytingin tekur til greiðslna frá almannatryggingum en í 5. grein laganna segir að draga skuli frá greiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum. Í breytingatillögunni segir að draga skuli frá eingreiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum. Þetta þýðir að greiðslur er tjónþoli sem metinn er til a.m.k. 50% varanlegrar örorku fær hjá Tryggingastofnun ríkisins verða ekki dregnar frá skaðabótakröfu. Ef tjónþoli er hins vegar metinn til varanlegrar slysaörorku á bilinu 10-50% getur hann átt rétt á örorkugreiðslum frá Tryggingastofnun í formi eingreiðslu og er lagt til í frumvarpinu að sú upphæð verði áfram dregin frá skaðabótakröfu.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að breyting á lögum nr. 37/1999 hafi haft mikla réttarbót í för með sér en þar eð lögleiddar hafi verið frádráttarreglur vegna greiðslna frá þriðja aðila hafi breytingin komið nokkuð hart niður á alvarlega slösuðu fólki. Frádráttarreglurnar geta vissulega haft veruleg áhrif en um leið verður að skoða málið í heild sinni.

Með lagabreytingunni 1999 var margfeldisstuðlinum sem notaður er til útreiknings á bótum vegna varanlegrar örorku breytt. Áður var hann lægri en miðaði við að tjónþoli héldi óskertum rétti bóta frá þriðja aðila þ.m.t. frá almannatryggingum. Með breytingunni 1999 var stuðullinn hækkaður og miðaður við að tjónþoli fái að fullu bætt það tekjutap sem hann verður fyrir vegna varanlegrar örorku. Hugmyndin var að komast sem næst því að reikna út fullt fjárhagslegt tjón tjónþola. Ef síðan tjónþoli fengi greiðslur annars staðar frá, sem hann hafði ekki keypt sérstaklega sjálfur, skyldi draga þær frá. Ætlunin var þar með að tryggja að viðkomandi væri ekki ver settur fjárhagslega eftir tjón en um leið átti að koma í veg fyrir að tjón verði ofbætt í samræmi við grunnhugmynd skaðabótareglanna.

Umsögn

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) telur að sú grundvallarhugsun eigi að gilda að með skaðabótalögum eigi tjónþoli að fá sitt tjón bætt að fullu þannig að hann sé jafnsettur fyrir og eftir tjónsatburð. Ekki er rétt að miða skaðabætur við það hvernig bætur hafa verið á öðrum tímum þegar ekki hefur verið miðað fyrst og fremst við þetta sjónarmið.

Nú er komin nokkur reynsla á þýðingu þessa fyrir einstaklinga er slasast hafa eftir breytingar laganna frá 1999. Þar hefur komið í ljós að tekjulágt fólk með tiltölulega lítinn rétt í lífeyrissjóðum á þó nokkurn rétt hjá Tryggingastofnun ríkisins og í stöku tilfellum reiknast raunverulegt tekjutap ekki mikið. Nokkur hluti þessara greiðslna er hins vegar háður aðstæðum viðkomandi og getur hæglega breyst með breyttum aðstæðum hjá tjónþola s.s. breyttri hjúskaparstöðu og breyttri tekjuöflun. Bent hefur verið á og kemur fram í greinargerð

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga

The Association of Icelandic Actuaries

c/o Talnakönnun hf., Borgartúni 23, 105 Reykjavík, Iceland

Tel. (354) 561 7575, Fax (354) 561 8646

með frumvarpinu að erfitt er að meta við uppgjör hverjar framtíðargreiðslur frá Tryggingastofnun verði og því lagt til í frumvarpinu að fella þennan frádrátt niður.

Félagið telur að það þurfi nánari skoðun hvort rétt sé að breyta lögnum með því að hætta að draga frá allar greiðslur frá almannatryggingum. Ef einhver hluti greiðslna frá Tryggingastofnun er háður svo miklum breytingum hjá viðkomandi að ekki þyki forsvaranlegt að reikna með þeim til framtíðar getur vel verið rétt að taka ekki mið af þeim í útreikningum en hvort það á við um allar greiðslur almannatrygginga telur félagið að þurfi að skoðast betur. Hlýtur það að teljast farsælla að skoða málið í heild sinni og skoða hvort breytingarnar hafi í för með sér að endurskoða þurfi stuðulinn í 6. grein laganna.


Hin breytingin er fram kemur í frumvarpinu lýtur að bótum fyrir missi framfæranda. Í lögnum er gert ráð fyrir bótum sem hinn látni mundi hafa átt rétt á fyrir algera (100%) örorku. Þar með er staða hins látna skoðuð á slysdegi og hvaða rétt hann hefði haft ef hann hefði lifað og verið metinn til 100% varanlegrar örorku. Þá er komið að sömu liðum og í fyrri greininni hvaða frádrátt skuli reikna með. Að bætur til eftirlifandi maka fari eftir því hvað hinn látni hefði fengið og staða eftirlifandi maka sé metin á þeim forsendum getur leitt til óréttmætra bótafjárhæða. Þarna þarf þó að skoða málið í heild og hugsa hvort endilega sé réttara að upphæðin fari eingöngu eftir tekjum hins látna. Þá er rétt að skoða í því samhengi þá lágmarksfjárhæð sem sett er í lögnum, þrjár milljónir króna (nú yfir fjórum milljónum króna) og er til allra sem missa maka óháð aldri viðkomandi. Þá mætti huga að stöðu barna einstæðra foreldra sem missa foreldri og fá þá einvörðungu greiðslu skv. 14. gr. laganna.

Ef breytingar verða gerðar á lögnum vill félagið nefna atriði er varðar framsetningu stuðulsins í 6. grein. Þeir meginþættir sem hafa áhrif á stærð hans eru: 4,05% ávöxtun (þ.e. 4,5% fyrir fjármagnstekjuskatt), dánarlíkur, örorkulíkindi, starfslíkindi og skattahlutfall. Þessir þættir eru allir breytingum háðir og má nefna að Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur í tvisgang gefið út nýjar dánarlíkur frá því að stuðullinn var reiknaður. Þá hafa vextir og skattahlutfall breyst á síðastliðnum árum. Breytingar á ofangreindum stærðum ættu að endurspeglast í stuðlinum en þar eð stuðullinn er settur fram í lögnum þarf lagabreytingu til að af geti orðið. Sú tillaga er sett hér fram að í lögnum komi fram heimild til ráðuneytis að láta endurreikna aldursstuðlana. Minnt er á að FÍT er falið með reglugerð að reikna ýmsar tryggingafræðilegar töflur fyrir Ísland og félagið sér um að þær séu endurnýjaðar.

Niðurlag

Eins og fram hefur komið hefur félagið að vissu leyti skilning á þeim breytingum er felast í frumvarpinu. FÍT sér þó margt því andsnúið að leggja frumvarpið fram að svo stöddu í óbreyttu formi þar sem við teljum áhrif breytinganna ekki nægilega könnuð. Telur félagið tímabært að skoða lögin í heild sinni, hvort laga megi einhverja þætti með það í huga að bæta hag þeirra sem slasast alvarlega og maka þeirra er missa framfæranda. En FÍT telur það ekki til bóta að klippa á einn anga laganna án þess að heildarmyndin verði skoðuð vandlega og leggur því til að málið verði ekki afgreitt á þessu þingi heldur verði skaðabótalögin endurskoðuð í heild.

Virðingarfyllst,



Benedikt Jóhannesson, formaður FÍT